

Brjef stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk.

12
82
7. júlí

Með brjefum, dags. 4. febr. og 10. apríl þ. á., hafið þjer, herra borgarstjóri, áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 11. jan. þ. á., sem friar Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu við að endurgreiða Reykjavíkurkaupstað styrk veittan þar Gísla nokkrum Hjálmarssyni, að upphæð 147 kr. auk flutningskostnaðar 7 kr., eða samtals 154 kr.

Þurfalingur þessi var á flækingi í Reykjavíkurkaupstað og átti þar ekkert heimili, og var honum á tímabilinu frá 27. jan. til 12. maí 1914 veittur umræddur styrkur smátt og smátt, en sendur var hann frá Rvík til Ísafjarðar 24. júní s. á. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu hefir með framanefndum úrskurði neitað að skylda Hólshrepp til að endurgreiða nokkuð af umræddum styrk, vegna þess, að ekki hafi verið gætt *neinna* ákvæða fátækralaganna um styrkveiting til þurfalings annara sveita við styrkveiting þessa, og flutningskostnaðinn vegna þess, að flutningurinn hafi ekki verið framkvæmdur eftir reglum fátækralaganna um þurfa-
mannaflutninga.

Afsakanir þær, sem þjer hafið haldið uppi í nefndum brjefum yðar á þessum misfellum, geta ekki rjettlætt þær, og verður því að staðfesta úrskurð sýslumanns. Þess skal getið, að Hreppsnefnd Hólshrepps hefir í brjefi, dags. 15. sept. f. á., gengist undir að greiða að fullu 29 kr. 50 a. reikning frá St. Josephs spítala fyrir legu tjeðs þurfalings þar, og er því enginn ágreiningur um endurgreiðslu tjeðrar fjárhæðar, en sýslumaður hefir í nefndum úrskurði sínum, að því er virðist fyrir misskrift, talið þessa upphæð flutningskostnað í stað spítalakostnaðar.

Samkvæmt framanrituðu á Reykjavíkurkaupstaður enga kröfu á hendur Hólshreppi um endurgreiðslu á framangreindum 154 kr.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar.

Brjef stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um skilning atriðis í sóknargjaldalögum.

83
13. júlí

Þjer hafið, herra borgarstjóri, í brjefi, dagsettu 24. f. m., spurst fyrir um það, hvort bæjarsjóði Reykjavíkur sje skylt að greiða sóknargjöld fyrir þá þurfa-
linga, sem eru á sveitarframfæri en er þó eigi komið fyrir hjá öðrum, er lögum samkvæmt verði krafðir um greiðslu gjaldsins fyrir þá.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, að þarsem sveitarsjóði samkvæmt 10. gr. laga nr. 40, 30. júlí 1909, er skylt að greiða hið umrædda gjald fyrir niðursetninga, sýnist ekki vera ástæða til að ætla annað en að sveitarsjóði sje þá einnig skylt að greiða gjald þetta fyrir húsráðendur, sem þiggja af sveit, og aðra þurfamenn, enda þótt eigi sjeu settir niður, en auðvitað heyrir þetta undir úrlausn dómstólanna.